



Að þessu sinni er fréttabréf ÞFÍ óvenju umfangsmikið. Meðal efnis eru fréttir af fræðslufundi félagsins sem haldinn var í nóvember á sl. ári og aðalfundinum sem haldinn var þann 23. maí sl. Jafnframt er fjallað um ráðstefnu Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INLNA) sem haldin var dagana 11.-13. maí í Banff í Alberta fylki í Kanada. Einnig er sagt frá verkefni sem nemendur í Landakotsskóla unnu fyrir tilstuðlan styrks frá félaginu, nýútkomnum bókum og Jóhanni Magnúsi Bjarnasyni, rithöfundu og kennara.

## Skemmtilegur fræðslufundur



Dagný Kristjánsdóttir



Eyrún Eypórsdóttir

Á fræðslufundi félagsins sem haldinn var miðvikudaginn 30. nóvember í húsnæði utanríkisráðuneytisins flutti dr. Dagný Kristjánsdóttir erindið „Jóhann Magnús Bjarnason og þjóðernið“ og dr. Eyrún Eypórsdóttir flutti erindið „Brasilíufararnir og afkomendur þeirra“. Dagný sagði frá

því að Jóhann Magnús hefði samið leikrit, ljóð og skáldsögur, en þar á meðal voru sögurnar *Eiríkur Hansson*, *Brasilíufararnir* og *Í Rauðárdalnum*. Dagný sagði jafnframt að þegar hún hefði kafað ofan í feril skáldsins, hefði næstum allt sem hún fann um hann komið henni á óvart. Eyrún varði doktorsritgerð sína í mannfræði, *Afkomendur Brasilíufaranna: Íslensk sjálfmyndasköpun í Brasilíu*, við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands í janúar á sl. ári og byggði erindi sitt á henni. Hún sagði frá rannsókninni, Brasilíuförunum sjálfum, hvernig stóð á því að þeir fóru utan og hvernig hefði gengið hjá þeim. Einnig fjallaði hún á sérlega skemmtilegan hátt um afkomendur þeirra í samtímanum. Bæði erindin voru áhugaverð og skapaðist heilmikil umræða um þau á fundinum sem var vel sóttur. Á fundinum var borið fram kaffi og meðlæti í boði utanríkisráðuneytisins.

## Nokkur orð frá fráfarandi formanni

Á þessum tímamótum þegar ég lýk störfum sem formaður ÞFÍ, vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn félagsins og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulega samvinnu og góða vináttu. Saman höfum við unnið að því að efla samstarf og samskipti Íslendinga við einstaklinga og samtök afkomenda Íslendinga í Vesturheimi á fjölmörgum sviðum. Einnig vinnum við stöðugt að því að fá fleiri til liðs við félagið, jafnt innanlands sem utan, ekki síst ungt fólk. Það hefur verið mikil áskorun fyrir stjórn félagsins að halda starfseminni gangandi á COVID tímum, en ég tel að okkur hafi tekist vel til, þrátt fyrir allt. Ég óska arftaka mínum, dr. Gísla Sigurðssyni, stjórn og félögum öllum velfarnaðar og góðs gengis.

Hulda Karen Daníelsdóttir



# Þjóðræknisþingið 2023

Þjóðræknisþingið verður að þessu sinni ekki haldið í ágúst, eins og undanfarin ár, heldur þann **21. október** 2023 kl. 11.00 í Eddu húsi íslenskunnar. Ítarlegar upplýsingar um dagskrá þingsins verða sendar félögum með tölvupósti og jafnframt verður það auglýst á Facebook-síðum félagsins og inl.is vefnum, þegar nær dregur.

## Nemendur Landakotsskóla setja *Hringinn* á svið

Leiklistarklúbbur Landakotsskóla setti á svið leikritið *Hringinn* eftir Guttorm J. Guttormsson þann 2. júní 2022. Styrkur sem ÞFÍ veitti skólanum kom að góðum notum við sýningarhaldið, en skólinn er sjálfstætt starfandi grunnskóli í Reykjavík þar sem starfrækt er alþjóðleg deild og kennt bæði á íslensku og ensku.

Árið 1930 kom út eftir Guttorm leikritasafnið *Tíu leikrit* sem árið 2015 var gefið út í enskri þýðingu Elinar Thordarson og Christophers Crocker. Í nýju útgáfunni eru leikritin bæði á íslensku og ensku. Aðgengi að leikritum Guttorms á íslensku og ensku, í einni og sömu útgáfunni, varð skólanum hvatning til að setja á svið leikrit eftir hann á báðum málunum, fyrir áhorfendahóp sem á að móðurmáli ýmist íslensku, ensku eða önnur tungumál.

Leikritið *Hringurinn* varð fyrir valinu því það er aðgengilegra en mörg önnur verk Guttorms sem flest eru mjög sýmbólísk. Nemendurnir áttu auðvelt með að tengjast innihaldi og áherslum verksins og komu listavel til skila erfiðleikum og hættum nýrra heimkynna sem innflytjendur þurfa oft að takast á við. Verkið endurspeglar raunverulega reynslu fólks fyrr á tímum og jafnvel nú á dögum sem flytur frá eða jafnvel flýr land sitt.

Leikið var fyrir foreldra nemenda og starfsfólk skólans. Til viðbótar við kynningu og leikritið sjálft, fengu áhorfendur í hendur útprentað efni um Guttorm J. Guttormsson. Í skólanum var síðan sett upp sýning um leikritið og leiksýninguna. Sagt var frá styrkveitingu Þjóðræknisfélagsins í öllum textum um sýninguna og félaginu þakkað fyrir örlætið og stuðninginn.



# Snorraverkefnið sumarið 2023

## Spennandi sumar framundan

Undirbúningur fyrir verkefni sumarsins er í fullum gangi. Von er á 15 einstaklingum frá Norður-Ameríku í Snorraverkefnið, sem er fyrir ungt fólk á aldrinum 20-30 ára. Þau munu dvelja á Íslandi í fimm vikur, eða frá 11. júní til 15. júlí og er þetta 23. hópurinn sem tekur þátt í Snorraverkefninu. Frá Kanada koma 10 einstaklingar og fimm frá Bandaríkjunum. Fjöldmargir klúbbar og samtök í Norður-Ameríku styrkja þátttakendur og er Snorrasjóður þakklátur fyrir þann stuðning. Ingibjörg Stefánsdóttir mun sjá um íslenskukennsluna og verður menningardagskráin stúttull af spennandi fyrirlesturum og heimsóknum. Leitin að heimagistingu stendur nú sem hæst og gengur vel. Kanadíska sendiráðið er búið að bjóða báðum hópum í heimsókn og léttan kvöldverð.

Snorri Plús verkefnið, sem er fyrir 30 ára og eldri, fagnar 20 ára afmæli í ár. Hópurinn í ár samanstendur af 13 einstaklingum sem koma til landsins í byrjun ágúst. Níu þátttakendur eru frá Kanada og fjórir frá Bandaríkjunum og eru 11 þeirra af íslenskum ættum. Fimm af þessum 13 hafa aldrei komið til Íslands og er aldursbilið breitt, eða frá 53-80 ára.

Snorri Alumni Internship hóf göngu sína árið 2015 og er samstarfsverkefni milli Snorrasjóðs, Vestur-

farasetursins á Hofsósi, ÞFÍ, kanadíska og bandaríska sendirsáðsins. Við munum taka á móti tveimur einstaklingum í ár eins og undanfarin ár, annars vegar John Plumley frá Calgary, Kanada og hins vegar Sierra Jenson frá Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Þau tóku bæði þátt í Snorraverkefninu í fyrra (2022) og eru virkir þátttakendur í Íslendingasamfélögum í sínum heimabyggðum í Norður-Ameríku.

Fjöldmargir styrkja og styðja við Snorraverkefnið. Þar má nefna menningar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Eimskip, Icelandic Roots, Íslendingabók og Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi (INLNA). Einnig hafa Þjóðræknisfélag Íslendinga og Norræna félagið, eigendur Snorrasjóðs – stutt við verkefnið um árabíl.

Að undirbúningi fyrir sumarið hafa komið Edda Kjarval, Julie Summers, Jody Arman-Jones og undirrituð. Guðrún Georgsdóttir hefur umsjón með verkefninum í sumar.

*Pála Hallgrímsdóttir, fyrrverandi formaður Snorrasjóðs og fyrrum verkefnastjóri*



*Þátttakendur í Snorraverkefninu í fyrrasumar*

# Ný bók frá University of Manitoba Press

## Icelandic Heritage in North America

University of Manitoba Press hefur gefið út greinasafnið *Icelandic Heritage in North America*. Stór hluti efnis bókarinnar á rætur að rekja til viðamikillar vettvangsrannsóknar á íslensku sem erfðarmáli í Bandaríkjunum og Kanada á árunum 2013–2015 og RANNÍS styrkti. Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir stjórnðu því verkefni. Í kjölfar rannsóknarinnar voru niðurstöður hennar og ýmissa rannsókna á menningu vesturfaranna og afkomenda þeirra birtar í bókinni *Sigurtunga: Vesturíslenskt mál og menning*, sem kom út 2018. Ritstjórar *Sigurtungu* voru Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason og eru þau einnig ritstjórar nýja greinasafnsins. *Icelandic Heritage in North America* er yfirgripsmikið yfirlit yfir tungumál, bókmenntir og sögu íslenskra innflytjenda og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku. Fræðigreinararnar lýsa íslenskri arfleifð „Vestur-Íslendinga“, þekkingu þeirra á íslensku sem erfðarmáli og bókmenntaverkum íslensku innflytjendanna, og túlka bréf, dagblöð og dagbókarfærslur vesturfaranna til að skýra viðhorf þeirra til sín og nýja heimsins. Niðurstöðurnar sýna hvernig mál og menning vesturfaranna hefur þróast og breyst frá fyrstu vesturferðunum til nútímans. Forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid, rita formála en ritstjóranir skrifa inngang að greinasafninu og lýsa rannsóknunum. Birna Arnbjörnsdóttir ritar lokaorð og gerir grein fyrir stöðu rannsókna á vesturíslensku máli og menningu nú. Sjóður Páls Guðmundsson frá Rjúpnafelli, sem er í vörslu Háskóla Íslands, styrkti útgáfu greinasafnsins.



### Stjórn ÞFÍ

Formaður  
Fráfarandi formaður  
Stjórnarmenn

Gísli Sigurðsson  
Hulda Karen Daníelsdóttir  
Bjarni Þór Þórólfsson  
Jón E. Gústafsson  
Pála Hallgrímsdóttir  
Sigurbjörg A. Guttormsdóttir  
Sigurður Rúnar Jónmundsson  
Soffía Óskarsdóttir

Varamenn í stjórn

Guðrún Guðsteinsdóttir  
Helga Hilmisdóttir  
Þórður Bjarni Guðjónsson  
Bev Arason-Gaudet  
Dianne O'Konski

Fulltrúar frá Vesturheimi

# Skemmtilegar smásögur

Út er komin bókin *Að vestan. Íslensk-kanadískar smásögur* með úrvali af sögum eftir W. D. Valgardson, David Arnason og Kristjönu Gunnars í þýðingu Guðrúnar Bjarkar Guðsteinsdóttur, prófessors í breskum og norður-amerískum bókmenntum við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands. Guðrún Björk ritaði einnig formála sem rekur stuttlega framsækin smásagnaskrif Vestur Íslendinga, stiklar á sögu smásögunnar í Kanada og framlagi þessara þriggja margrómuðu rithöfunda til þróunar hennar. Ritstjóri er Birna Bjarnadóttir, rannsóknasérfræðingur við Háskóla Íslands.

Í bókinni eru fimmtán smásögur sem ekki hafa birst áður á íslensku. Að efni og stíl eru sögurnar fjölbreyttar og grípandi, og sögusviðið er víðfeðmt, spannar allt frá Íslandi og sléttum Norður Ameríku vestur á Kyrrahafsströnd – allt frá fyrri öldum og fram á okkar daga. Frásagnargleðin er í fyrirrúmi og leiðir lesandann í nýja og óvænta hugarheima. Eftir Bill Valgardson eru fjórar sögur: Hellirinn, Að fara yfir um, Fagnaðarlæti, og Viðskiptasamband. Eftir David Arnason eru sjö sögur: Fimmtíu sögur og eitt heillaráð, Forleikur að Ameríku, Þá voru risar, Stelpusaga, Galdramaðurinn á Selkirk Avenue, Skessan, og Viðburðurinn. Fjórar sögur eru eftir Kristjönu Gunnars: Klukkur, Gestur, Krossgötur, og Dulin uppspretta táranna.

Guðrún Björk stundaði nám við Háskóla Íslands og Albertaháskóla í Kanada. Hún hefur fjallað um bókmenntaarfleifð íslenskra innflytjenda í Norður Ameríku og afkomenda þeirra í háskólakennslu, ræðu og riti, héraendis og erlendis. Var um árabíl aðalritstjóri kanadíska fræðiritraðarinnar NACS Text Series og ritstýrði nokkrum bókum á því sviði, en einnig sérhefti *Ritsins: Vesturheimsferðir í nýju ljósi* (2014) ásamt Úlfari Bragasyni og Birni Þorsteinsyni. Eftir hana liggja greinar og bókakaflar á ensku og íslensku – á liðnu ári um tvítýngda leikgleði Káins í tímaritinu *Milli mála* og bókinni *Tungumál í víðu samhengi*. Í maí er væntanleg grein hennar

um móðernísku Winnipeg-smásöguna „Vonir“ eftir Einar Kvaran í bókinni *Icelandic Heritage in North America* hjá Háskólaútgáfu Manitobaháskóla.

Bókin *Að vestan. Íslensk-kanadískar smásögur* er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni, styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta, Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli, HÍ, og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Hana má nálgast á

[https://haskolautgafan.is/products/ad-vestan-islen-sk-kanadiskar-smasogur?taxon\\_id=7](https://haskolautgafan.is/products/ad-vestan-islen-sk-kanadiskar-smasogur?taxon_id=7)



# Örstutt um Jóhann Magnús



Jóhann Magnús Bjarnason (1866–1945) var á sinni tíð dádur rithöfundur og kennari í Vesturheimi. En þegar ég var í Winnipeg á áttunda og níunda áratug síðustu aldar heyrði ég ekki mikið um hann talað í röðum Vestur-Íslendinga. Ástæðan var eflaust sú að hann skrifaði verk sín á íslensku, og þegar hér var komið hafði íslenskumælandi löndum okkar vestra fækkað verulega. Og verk Jóhanns Magnúsar höfðu ekki verið þýdd á ensku. Það var ekki fyrr en komið var fram á 21. öld að saga hans um Eirík Hansson kom út í enskri þýðingu, skáldsaga sem að einhverju leyti má tengja við æskuminningar hans sjálfs frá Nýja-Skotlandi.

Vinsældir J. Magnúsar hér heima og vestra um og upp úr aldamótunum 1900 tengjast helst *Eiríki Hanssyni* (1899–1903) og *Brasilíuförunum* (1905–1908). Og því verður að skjóta hér inn að ekki minni menn en Halldór Laxness og Gyrðir Elíasson hafa lofað þennan höfund sem greinilega hefur orkað sterkt á þá báða fyrir töfra í framsetningu og stíl. En lítillæti Magnúsar var slíkt að hann vildi ekki láta kalla sig skáld. Og ekki vildi hann halda ræður á hátíðum og tyllidögum. Hann ræddi aldrei um trúmál og aldrei um stjórnmál. En með unga fólkinu setti hann á svið marga sjónleiki sem hann annaðhvort samdi sjálfur eða þýddi; reyndar lét hann ekki spyrjast að hann væri höfundur eigin leikrita, taldi vænlegra til vinsælda að láta sem þau væru þýdd! Þessi leikverk, sem flutt voru víða um íslensku nýlendurnar vestra, munu öll vera glötuð.

Sjálfur var Magnús löngum heilsuveill, og læknum gekk illa að greina sjúkdóma hans. Svo er að sjá sem kaffidrykkja og reykingar hafi bitnað á hjarta og taugum þessa viðkvæma manns [„Stundum fæ ég sára verki í hjartastað“]. Heilsuleysið bannaði hinum dáða kennara að sinna kennslu svo árum skipti. Þetta bitnaði illa á fjárhag þeirra hjóna; þau voru beinlínis háð peningagjöfum landa sinna vestra. Þessu lýsir Magnús og tíundar nákvæmlega í dagbókum sínum.

Dagbækur Magnúsar verða að teljast stórmerk heimild, ekki aðeins um líf hans og konu hans, Guðrúnar Hjörleifsdóttur, heldur samfélag Íslendinganna á þeim svæðum þar sem þau bjuggu, einkum Manitoba, Saskatchewan og Norður-Dakota. Hann þreyttist ekki á að hrósa þeim löndum sínum sem á einhvern hátt höfðu skarað fram úr, í námi, íþróttum eða listum – og lofið var gjarnan hástemmt. Illa talaði hann ekki um nokkurn mann, því miður, liggur mér við að segja! Fyrsti hluti dagbókanna, um þriðjungur efnisins, kom út í bókarformi árið 2011 (*Dagbók vesturfara 1902–1918*).

Magnúsi verður í dagbókunum tíðræddara um hið smáa og persónulega en stóru málin þótt hann komist auðvitað ekki hjá því að minnast á hörmungar heimsstyrjaldanna beggja sem tóku líf fjölmargra samlanda hans. Við kynnumst hans innra heimi, því sem hann hugsar og því sem hann les. Hann virðist sakna Íslands þótt hann væri á barnsaldri þegar hann kom vestur. Og hann bíður þyrstur eftir bréfum þaðan. Hann bregður líka upp snilldarlegum svipmyndum af löndum sínum í hverdagslífi þeirra. Og stöðugt birtist hrifningin yfir því hvað konan hans nostrar við blómin og fuglana; hann dásamar fegurðina í lífinu. Og ekki gleymir hann þakklætinu í garð landa sinna sem reyndar voru honum líka þakklátir eins og sést meðal annars á því hve margir fyrrverandi nemendur hans nefndu syni sína í höfuðið á honum. Mig grunar að fáir geti komist nær því en Jóhann Magnús Bjarnason að mega heita heilagur maður!

Af dagbókum Magnúsar mætti ráða að Íslendingarnir sem hann umgekkst vestra ættu þar sinn sérstaka heim sem virtist vera dálítið einangraður


stundum og einhvern veginn ekki laus við trega og þunglyndi. En þetta var heimur vináttuog samhjálpar. Þetta var líka heimur sem mundi ekki eiga sér framtíð, því að tungumálið, sem tengdi þetta fólk svo þétt, mundi ekki vara nema stutta stund.

Mig langar að lokum að birta textabrot úr *Brasilíuförum* Magnúsar Bjarnasonar til að gefa lesendum örlitla innsýn hvernig hann getur brugðið á leik í indælli blöndu af gamni og alvöru. Fjórir ungir íslenskir ævintýramenn koma til Santos árið 1855:

„Santos er hafnarbær, rúmar tvö hundruð mílur enskar fyrir sunnan Ríó de Janeiró ... Fjórðurinn er þar alltaf þakinn skipum ... Santos er vafalaust langstærsti kaffikaupstaðurinn sem til er í öllum heimi – að undantekinni sjálfri Ríó de Janeiró ... Í Santos má heita að ævinlega sé allt troðfullt af kaffibaunum: ... á bryggjunum og jafnvel á götunum eru stórir hlaðar af kaffibaunasekkjum ... Þar er alltaf viðstöðulaust verið að flytja kaffi út á skipin. Það er flutt á ösnum og múlósnum, á vögnum og hjólbörum, og það er borið og dregið. Hálfnaktir svertingjar og indíánar og kynblendingar moka því með stórum rekum upp í pokana í vöruhúsunum og aðrir hálfnaktir svertingjar og indíánar og kynblendingar bera þá poka fram á bryggjurnar og út á skipin, og allir bera þeir pokana á sama hátt – nefnilega á höfðinu. Allir eru þeir berfættir, og allir hlaupa þeir með byrðar sínar ...

Á næstum hverju einasta húsi í þeim hluta bæjarins sem að höfninni veit stendur „Kaffi“ skrifað stórum stöfum. Blöðin þar eru alltaf full með kaffiverðlista og kaffiauglýsingar, og fólk getur ekki um annað hugsað en kaffi, og það er sí og æ á vörum hvers einasta manns. „Kaffi! Kaffi!“ hrópa allir, og fólk dreymir um það á nóttunni ...

Og í Santos er allt hið aumasta afhrak þjóðarinnar í Brasilíu samankomið í eina iðandi kös til þess að þræla og sveitast í blóðinu – til þess að bera kaffibaunasekkina á höfðinu í steikjandi sólarhitinum – til þess að auðga og efla fépyngjur auðkýfinganna og – deyja



Baldur Hafstað

*Baldur hafði umsjón með útgáfu á 1. bindi dagbóka Jóhanns Magnúsar árið 2011 (Dagbók vesturfara 1902-1918; útgefandi lestu.is). Seinni tvö bindin eru til í tölvutæku formi hjá skolavefurinn.is.*

# Aðalfundur ÞFÍ

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga var haldinn í húsnæði utanríkisráðuneytisins þann 23. maí sl. Fundurinn var vel sóttur. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum og kaffihléi, flutti dr. Kristín M. Jóhannsdóttir erindið „Framhaldslíf íslenskunnar í Vesturheimi“.

Huldu Karen Daniélsdóttur, fráfarandi formanni ÞFÍ og Kristínu M. Jóhannsdóttur var þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og þeim færðir blóm-vendir. Báðar sátu í stjórn félagsins í fjölmörg ár. Hulda Karen situr áfram í stjórninni því samkvæmt lögum félagsins á fráfarandi formaður sæti í henni í eitt ár eftir kjör nýs formanns. Nýjar í stjórn ÞFÍ eru þær Guðrún Björk Guðsteinsdóttir og Helga Hilmisdóttir. Vegna anna hefur Ásdís Halla Bragadóttir þurft að segja sig úr stjórn, en í hennar stað mun Pála Hallgrímsdóttir taka sæti í stjórninni. Kaffi og veitingar voru í boði utanríkisráðuneytisins.



Þórður Bjarni Guðjónsson, Soffía Óskarsdóttir, Sigurður R. Jónmundsson, Pála Hallgrímsdóttir, Gísli Sigurðsson, Hulda Karen Daniélsdóttir, Sigurbjörg A. Guttormsdóttir, Bjarni Þór Þórhallsson, Kristín M. Jóhannsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir og Hjálmar W. Hannesson

# Ráðstefna INLNA í Banff

Árþing systursamtaka ÞFÍ í Norður-Ameríku, the Icelandic National League of North America (INLNA) [www.inlofna.org](http://www.inlofna.org), var haldið í Banff í Albertafylki í Kanada, dagana 11.-13. maí sl. Þingið var vel sótt og var dagskrá þess fjölbreytt og skemmtileg. Meðal annars var boðið upp á skoðunarferð til Markerville og í hús Stephans G. Stephanssonar, þar sem nú er safn. Nánari upplýsingar um dagskrá þingsins má nálgast hér:

<https://inlofna.org/convention>

Hulda Karen Daniélsdóttir, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga, ávarpaði þingið og flutti þátt-takendum kveðjur frá Þjóðræknisfélaginu á Íslandi. Auk Huldu sóttu nokkrir félagar ÞFÍ einnig ráðstefnuna. Huldu þótti mikið til þingsins koma og hrósaði Leif Eiríksson Icelandic Club of Calgary fyrir framúrskarandi þing og fyrir að velja svo magnaðan stað til að halda það, en Banff er af mörgum talinn einn fallegasti staður í Kanada.

